

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/666*  
*komudagur 16.12.2003*

dags. 16.12.2003.

nafn sendanda: Lilja Vilhjálmsdóttir, Aníta Aanesen, hjúkrunarforstjórar  
heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík.

númer og heiti þingmáls: þskj. 25 – 25. mál. Um tannvernd barna og unglunga.

**Almennt áíit:**

Við erum mjög ánægðar með að það sé verið að huga að aukinni tannvernd barna og unglunga, en mjög ósáttar hvernig að þessari undirbúningsvinnu hefur verið staðið. Skólahjúkrunarfræðingar hafa lítið fengið að koma með sínar skoðanir á málinu heldur er komið með fyrirfram tilbúna tillögu frá yfirmanni Miðstöðvar tannverndar.

Á minni stöðum úti á landi er oft ekki mikill mannskapur til að komast yfir þá þjónustu sem inna á af hendi.

Ekki er gert ráð fyrir sér fjárveitingu til verkefnisins m.t.t. efniskostnaðar, ráðningar starfsmanns ef á þarf að halda, né ferðakostnaði hjúkrunarfræðinga úti á landi til að sækja fundi og námskeið í tengslum við verkefnið.

Hjúkrunarfræðingar eru ekki sérfræðingar á sviði tannverndar eins og t.d.tannfræðingar. Því finnst okkur að huga mætti að því að tannfræðingar flyttu þessa fræðslu sem inna á af hendi.

Því getum við að svo stöddu **ekki samþykkt þessa tillögu.**